

Matorka ehf.
Hlíðasmára 6
201 Kópavogur

Reykjavík, 2. október 2020
UST202003-227/H.E.
08.12.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 29.6.2020, hjá Matorku ehf. Fellsmúla.

Þann 29.6.2020 fór fram eftirlit í fiskeldisstöð Matorku ehf. að Fellsmúla. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Í eftirlitinu voru staðfestar úrbætur vegna eldri frávika.

Tvö ný frávik komu fram er varða:

1. Gr. 2.4 í starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi. Samkvæmt ársyfirliti 2019 var losun uppleysts köfnunarefnis 30 kg/framleitt tonn sem er yfir viðmiðunarmörkum starfsleyfis (20 kg/framleitt tonn). Rekstraraðili hefur vakið athygli á að viðmiðunarmörk starfsleyfis fyrir losun niturs pr framleitt tonn séu lægri en í öðrum fiskeldisleyfum og hefur óskað eftir breytingu á starfsleyfi hvað þau varðar.

Umhverfisstofnun bendir á að í fylgiskjali starfsleyfis er gert grein fyrir grundvelli ákvæða um losun köfnunarefnis. Ákvörðun losunarmarkanna byggir á þeim upplýsingum um að rekstraraðili hygðist koma upp hreinsibúnaði með nýrri tækni sem myndi hreinsa köfnunarefni upp að því marki svo að losunarmörk 20 kg N/framleitt tonn. Þær forsendur voru lagðar fram í matskyldufyrirspurn og umsókn um starfsleyfi. Rekstraraðila ber að grípa til viðeigandi ráðstafana til að uppfylla ákvæði nógildandi starfsleyfis varðandi losunarmörk niturs (köfnunarefnis).


2. Gr. 2.5 í starfsleyfi. Nokkuð var um sýnilega froðu við útrás frárennslis í viðtaka sem gefur til kynna að hreinsun frárennslis sé ekki nægjanleg.

Rekstraraðili hefur sent myndir sem teknar voru í viðtaka eftir að eftirlitið fór fram sem sýnir betra ástand sem bendir til að hreinsun frárennslis sé komið í betra horf. Rekstraraðili er hvattur til að halda vel utan um skráningar á vöktun viðtaka. Ástand viðtaka verður svo skoðað nánar í næsta reglubundna eftirliti.

Umhverfisstofnun óskar í þessu sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreind atriði í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 16.10.2020.


Halla Einarsson

Virðingarfyllst


Hulda Soffia Jónasdóttir

Afrit: Heilbrigðisnefnd Suðurlands.

**Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi**

Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti

Nafn rekstraraðila: Matorka Fellsmúla	Dags. eftirlits: 29. júní 2020	Staðsetning stöðvar: Fellsmúla, Hellu	Starfsleyfisflokkur: Gjaldflokkur 3
Kennitala rekstraraðila: 500412-0540	Gildistími starfsleyfis: 4. desember 2030	Kvittun afhend: Já	Gerð stöðvar: Seiðaelði á landi

Starfssemi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Er umfang í samræmi við starfsleyfi?	x			Leyfi fyrir 350 tonnum af laxi, bleikju, regnboga og borrhaseiðum. 13,8 tonna ársframleiðsla 2019. Lífmassi í lok árs 4,2 tonn.
Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti? Áætlaðar breytingar?	x			Lögð frárennislögn sumarið 2020. Ekki framleiddur lax og ekki áætlað í náframtíð. Umsókn um breytingu á starfsleyfi frá 5.5.2020. Breyting m.t.t. vikmarka á losun köfnunarefnis (niturs) og fosfórs.
Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 3.1. í starfsleyfi).		x		Skráningar hafa verið bætтар á árinu í samræmi við ábendingar frá eftirlitsaðila. Afföll, framleiðslutölur og fôðurnotkun og lyfjanotkun skráð í farmcontrol. Afföll um 100 kg á ári. Hreinsiefna, sóttþreinsiefnanotkun fer í mánaðarskýrslur. Úrgangur. Sorphirða skv. sorpáætlun sveitarfélagsins. Flokkun: Plast, pappi, almennt, Lífrænt og dauðfiskur fer í urðun hjá Sorpurðun Rangárvallasýslu að Strönd. Stærri afföll hafa verið nýtt í refafôður í Fôðurstöð Suðurland. Móttökukvittanir fyrir móttöku úrgangs ekki til staðar. Þjálfunarskýrslur fylltar reglulega út. Út frá ASC vottun er VHP handbók

Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi

				gefin út árlega. Endurmenntun árlega síðast í desember.
Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. maí?	x			Skilað 24.4.2020 saman með grænu bókhald.
Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi skilað fyrir 1. maí?	x			Skilað með ársskýrslu. Ekki krafa um skil á útstreymisbókhaldi.
Er áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlanir aðgengilegar á staðnum? (viðbragðsáætlun vegna bráðmengunar, viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar og ótímabundinnar rekstrarstöðvunar)	x			Uppfært í ágúst 2019
Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður?			x	
Er trygging vegna bráðamengunar í gildi?			x	Gildistími til loka mars 2020. Ekki krafa um tryggingu í starfsleyfi.
Er neyðaráætlun til staðar?	x			Endurskoðuð í ágúst 2019

Umhverfi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi?	x			Endurskoðað í ágúst 2019.
Stýring á fódurgjöf þannig að úrgangsmýndun sé í lágmarki?	x			Tölvustýrð fódurgjöf. bætt við handfóðrað í mjög afmarkaðan tíma í upphafi eldis á bleikju. ca 500 g á viku.
Er skráning á losun fósfors og köfnunarefnis? Eru losunarmörk virt?		x		Mælingar gerðar í lok mars. Útreikningar gerðir annars vegar út frá niðurstöðum frárennslismælinga og hins vegar út frá fódurnotkun.

Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi

Mælingar eða útreikningar? Síðustu mælingar?				Losun fosfór innan viðmiðunarmarka starfsleyfis en nitur 30 kg N/framleitt tonn árið 2019 m.v. mælingar og 22,6 kg N/framleitt tonn m.v. útreikninga á fæðnotkun og framleiðslu, sem er yfir viðmiðunarmörkunum sem eru 20 kg N/framleitt tonn. Rekstraraðili hefur óskað um breytingu á starfsleyfi varðandi losunarmörkin. Nitur pr framleitt tonn miðað við mælingar árið 2020 er 15,3 kg N/framleitt tonn. Mánaðarlegar mælingar í viðtaka: sýrustig, súrefnismettun og hitastig. Skráð í mánaðarskýrslur.
Ástand frárennslis. Eru set eða útfellingar? Olía eða froða? Sorp eða aðrir aðskotahlutir? Hitaupgufun frá frárennslis? Er óeðlileg lykt? Er fiskur í frárennslis?	x			Ekki rennslis út um yfirfallslögn þegar vettvangsheimsóknin fór fram. Ný frárennslislögn sem liggur frá setþró út í Minnivallalæk var nýlega tekin í gagnið.
Nánari lýsing á mengunarvarnaránaði í frárennslis, síjun, settjörn, tromlur, oþh. Leið frárennslis frá keri að viðtaka.	x			Þrjár borholur sameinast í eina lögn og þaðan inn í eldi. Frá eldi er lögn í setþró, þaðan í brunn og í lögn út í Minnivallalæk.
Ástand og lýsing viðtaka (s.s. fjarlægð frá kerum, ferskvatn, sjór).		x		Frárennslis rennur í stuttri lögn frá hreinsibúnaði út í Minnivallalæk (bergvatnslækur). Nokkuð um grænt slý bæði ofan og neðan við útrás sem áætla að má að sé af náttúrulegum orsökum. Nokkuð um sýnilega froðu við útrás sem gefur til kynna að hreinsun sé ekki nægjanleg.
Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka.	x			Sjónrænt mat og regluleg myndataka úr brunnum.

Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi

				Mælingar gerðar í lok mars 2020
Meðhöndlun úrgangs og spiliefna í samræmi við starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks?	x			Rætt um tækifæri til að bæta skráningar á magni úrgangs sem fellur til.
Er umhverfisvöktun í samræmi við starfsleyfi?	x			Uppfærð vöktunaráætlun send 30. 3. 2020 til rýni hjá UST. Mælingar gerðar f ofan og neðan útrás í Minnivallalæk.
Skil á niðurstöðum mælinga umhverfisvöktunar.	x			Skilað 30. mars 2020.
Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á.	x			
Næstu áætluðu mælingar? Hverjar? Er það skv. starfsleyfi? Hver sér um mælingarnar?	x			Næstu mælingar næsta vetur (feb – mars) Hafa tekið sýni sjálf og farið með í Sýni til greiningar.

Niðurstöður síðasta eftirlits:

Síðasta reglubundna vettvangsheimsókn fór fram 15. ágúst 2019 þar sem að fram komu 5 frávik frá starfsleyfi. Mælingar og skráningar á losun fosförs og köfnunarefnis hafa verið endurbættar í kjölfarið, ný frárennislögn frá setþró var lögð í vor til að bæta mælingar á losun í frárennslí. Skráningar og vöktun viðtaka hefur verið bætt og betur gert grein fyrir niðurstöðum þeirra í ársyfirliti.

Samantekt: Í eftirlitinu voru staðfestar úrbætur vegna þeirra útistandandi frávik sem komu fram í eftirliti 2019. Drög að vöktunaráætlun hafa verið send til stofnunarinnar og eru í rýni.
Tvö ný frávik frá starfsleyfi komu fram í eftirlitinu er varðar losun köfnunarefnis umfram losunarmörk starfsleyfis og ástand viðtaka. Rekstraraðili hefur sótt um breytingu á starfsleyfi vegna losunarmarka sem hann telur þregri en almennt í sambærilegum starfsleyfum.

Annað Tveir olútankar eru í fiskeldisstöðinni, einn í þró sem er ekki í notkun og annar tvöfaldur plasttankur sem þjónustaður er af N1.

Undirskrift eftirlitsmanns: _____

EFTIRLITSSKÝRSLA

Matorka ehf Fellsmúla



UMHVERFIS
STOFNUN

Dags eftirlits	29.6.2020	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	Matorka ehf	Eftirlitsmaður	Halla Einarsdóttir
Heimili	Fellsmúli	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	500412-0540	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Jóhanna Hlökkversdóttir	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í reglubundna vettvangsferð í fiskeldi Matorku Fellsmúla.

Í eftirlitinu voru staðfestar úrbætur vegna eldri frávíka en tvö ný frávik komu fram er varðar losun köfnunarefnis umfram starfsleyfismörk og sýnilega froðu í viðtaka. Engri ábendingu var komið á framfæri.

UMFANG EFTIRLITS

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

1. Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
2. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða.
3. Skráning olíugeyma skv. reglugerð nr. 884/2017.
4. Kynning á verklagsreglum vegna sóttmengaðra dýrahæja
5. Útreikningar á losun í frárennsli í fiskeldi.
6. Umfang starfsemi í fiskeldi (kynning).
7. Skoðunarferð

1. Farið var yfir stöðuna frá síðasta eftirliti skv. meðfylgjandi gátlista fyrir fiskeldi á landi. Einnig var farið yfir úrbætur útstandandi frávíka í samræmi við samþykka úrbótaáætlun frá 17. mars sl.

2. Með breytingu á lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og með reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit eru nú komin inn ákvæði um að tíðni eftirlitsferða skuli miðast við kerfisbundið áhættumat á umhverfisáhættu vegna starfseminnar. Reglubundnar vettvangsheimsóknir 2020 miðast út frá niðurstöðum áhættumatsins en verður það endurmetið samhliða hverri vettvangsheimsóknnum og niðurstöðum úr eftirliti. Til viðbótar við reglubundin eftirlit framkvæmir Umhverfisstofnun óvenjubundið eftirlit t.d. til að fylgja eftir úrbótum frávíka. Samkvæmt áhættumati fellur starfsemi Matorku Fellsmúla í áhættuflokk A og þar með er áætlað að fara í vettvangsferð í stöðina einu sinni eða á ári oft. Nánar er greint frá áhættumatinu í landsáætlun um eftirlit og áætlun um reglubundið eftirlit Umhverfisstofnunar sem nálgast má á heimasíðu Umhverfisstofnunar. Rætt var um tækifæri til að lækka stigafjölda áhættumatsins með bættri umhverfisstjórnun í starfsstöðinni en rekstraraðili afhenti jafnframt skriflegar athugasemdir við áhættumatið sem tekið verður til skoðunar við gerð næstu eftirlitsáætlunar.

3. Umhverfisstofnun og heilbrigðisnefndir hafa skilgreint áhersluverkefni í eftirliti að taka saman skráningar á neyslu-, lausa-, húsa- og bryggjugeymum. Einn olútankur er í notkun í fiskeldinu auk annars niðurgrafins olítanks sem ekki er í notkun. Þeir eru þjónustaðir af N1.

4. Í samvinnu með Matvælastofnun hafa verklagsreglur um förgun sóttmengaðs úrgangs verið endurskoðaðar í samræmi við kröfur reglugerðar nr. 674/2017 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til mannelis. Drög að verklagsreglunum voru send rekstraraðila samhliða boðun eftirlitsins.

5. Umhverfisstofnun hefur unnið leiðbeiningar um útreikninga á losun frá fiskeldi út frá fóðurgjöf og framleiðslumagni. Leiðbeiningarnar voru kynntar í eftirlitinu og rekstraraðili hvattur til að nýta sér þær til ákvörðunar á losun næringarefna frá starfsstöðinni.

6. Rætt var um umfang starfseminnar m.t.t. lífmassa annars vegar og sláturtölum hins vegar.

7. Í skoðunarferðinni var farið inn í fiskeldishúsin, hreinsivirki fráveitu skoðað ásamt útrásum frárennslis. Einnig var gengið meðfram viðtaka Minnivallalæk bæði ofan og neðan við útrás og aðstæður skoðaðar.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

Grein 2.4 í starfsleyfi

Samkvæmt ársyfirliti 2019 var losun uppleysts köfnunarefnis 30 kg/framleitt tonn sem er yfir viðmiðunarmörkum starfsleyfis (20 kg/framleitt tonn). Rekstraraðili hefur vakið athygli á að viðmiðunarmörk starfsleyfis fyrir losun niturs pr framleitt tonn séu lægri en í öðrum fiskeldisleyfum og hefur óskað eftir breytingu á starfsleyfi hvað þau varðar.

Grein 2.5 í starfsleyfi

Nokkuð var um sýnilega froðu við útrás frárennslis í viðtaka sem gefur til kynna að hreinsun frárennslis sé ekki nægjanleg.

Reykjavík, 25.09.2020

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Halla Einarsdóttir
Halla Einarsdóttir

bis. 4